

NATHAN & OLSEN

Höfum fyrirbyggjandi:

Islenskar kartöflur. Danskar kartöflur.

Hvort-tveggja ágætar tegundir.

Björn G. Blöndal

læknir.

Hann var fæddur 19. septembermánaðar árið 1865 í Flatey á Breiðafirði. Foreldrar hans voru Gunnlaugur Blöndal, sýslumaður í Barðastrandar-sýslu og kona hans Sigríður Sveinbjarnardóttir (rektors Egilssonar).

Hann lauk stúdentsprófi 4. júlí 1885, en læknisprófi lauk hann hér í læknaskólanum 28. júní 1889.

Eftir það fór hann til Kaupmannahafnar og var þar á sjúkrahúsum eitt ár, en árið 1890 var hann settur aukalæknir í Þingeyjarsýslu austan Jökulsár og gegndi þar læknisstörfum nokkur ár, en fluttist skömmu fyrir aldamót vestur í Húnavatnssýslu og stundaði lækningar á Blönduósi fram til ársins 1901, en þá varð hann héraðslæknir í Miðfjarðarhéraði og þjónaði því fram til ársins 1915, en það ár fekk hann lausn frá embætti sökum heilsulunar.

Þá fluttist hann hingað til Reykjavíkur og var hér nokkur ár, en síðustu árin var hann norður á Siglufirði og þar andaðist hann 27. f. m. eins og áður er getið hér í blaðinu. Hann hafði meidd í sumar og lá jafnan rúmfastur upp frá því.

Hann var kvæntur Sigríði dóttur Carsten Möller, exam. jur. og lifir hún mann sinn. Þau eignuðust sex börn, og eru þessi fimm á lifi: Sophus kaupmaður á Siglufirði, Magnús kaupm. á Akureyri, Gunnlaugur listmálari, Kristjana og Sigríður, en einn sonur þeirra er látinn; hann hét Sveinbjörn og var við læknisnám í Kaupm., þegar hann andaðist.

Björn Blöndal var friðleiksmaður á yngri árum, eins og hann átti ætt til, meðallagi hár og svaraði sér vel. Hann var fjölbæfur maður og hneigður til lista, ágætur söngmaður, listaskrifari og vel ritfær, eins og lesöndum Visis má vera kunnugt, því að hann þýddi margar sögur, sem birst hafa í þessu blaði og þar á meðal sumar þær, sem bestar hafa þótt.

Hann var mjög vinsæll læknir í héruðum sínum, hjálptús og fljótur til að vitja sjúklinga, hvort sem var á nóttu eða degi. Héruð hans voru bæði stór og æfnið og sleit hann sér fyrir ald-

Gæmmistimplar eru búnir til í Félagsprentsmiðjunni. Vandaðir og ódýrir.

ur fram á erfiðum læknisferðum.

Bifreiðarslys.

Maður bíður bana.

Í gærkveldi um kl. 9 vildi það sorglega slys til hér í bænum, að maður varð fyrir bifreið á Frikkirkjuvegi og beið bana af. Hann hét Jón Bergsson, frá Dufþekju í Hvollhreppi, sonur Bergs heitins Bergssonar á Kálafelli í Fljótshverfi. Voru þeir bræðrasynir Jón og Helgi Bergs, forstjóri Sláturfélagssins. Hann var hér gestkomandi, nýkominn til bæjarins. Slysð mun hafa atvikast þannig, að maðurinn veik til rangrar handar, og varð þess vegna fyrir bifreiðinni. Í fyrstu virtist svo sem hann hefði ekki meidd mikið, og var hann fluttur í bifreiðinni vestur í Landakotspítala, en skömmu síðar tók honum að þyngja, og andaðist í nótt. Er talið, að æð muni hafa sprungið í höfðinu og valdið dauða hans. Jón var kvæntur maður og mun hafa verið líðlega fertugur.

Símskeyti

Khöfn 27. okt. FB.

Frá Rúmeníu.


Frá Berlín er símað: Yfirvöldin í Rúmeníu hafa handtekið sendimann Carols, fyrverandi krónprins í Rúmeníu, og bera á hann þær sakir, að hann hafi unnið að undirbreytingu á ríkisferðum þar í landi. Stjórnin virðist óttast, að áhængendur Carols í Rúmeníu muni gera tilraun til byltingar. Af þeim orsökum hefir skeytaeftirlit verið skerpt.

Farþegaskip sekkur.

Símað er frá London: Ítalska farþegaskipið Principessa(?) Mafalda hefir sokkið nálægt ströndum Brasilíu. Hefir sennilega siglt á sker. Á því voru tólf hundruð manns, og hafa sennilega um þrjátíu og fjórir farist.

Morðingi sýknaður.

Frá París er símað: Kvíddómur í Parísarborg hefir sýknað Gyð-



Verðlækkun á

CHEVROLET

Chevrolet vörubifreiðin kostar nú aðeins kr. 2900.00 íslenskar uppsett í Reykjavík.

JÓH. ÓLAFSSON & CO.

Aðalumboðsmenn á Íslandi fyrir: GENERAL MOTORS-bifreiðar.

inginn Schwarzbard, er myrti Petlura, sjálfstæðisforingja Ukraine-manna í fyrravor. Schwarzbard kendi Petlura um ofsóknirnar gegn Gyðingum í Ukraine.

Utan af landi.

Ísafirði 27. okt. FB.

Hnífsdalsmálin.

Klukkan rúmlega fjögur í dag fór rannsóknardómari Halldór Júlíusson til Hnífsdals og hafði með sér ritara sinn Stein Leósson, Guðjón Magnússon verkamann, Grim Kristgeirsson rakara, Ólaf Ásgeirsson sjómann og Karl Kristinsson verkamann. Komu þeir á heimili Eggerts Halldórssonar og var öll fjölskyldan veik, konan, sem áður hefir verið sagt, og barn þeirra tveggja ára, þungt haldið af lungnabólgu. Tóku þessir menn Eggert með valdi í rúminu og báru hann óklæddan út á varningsbifreið og fluttu í fangahúsið á Ísafirði. Hálfán Hálfánarson var einnig tekinn fastur og settur í varðhald. Fékk Eggert að velja um einangrun í sjúkrahúsinu eða fangahúsinu, og kaus hann fangahúsið. (Vesturland).

Frá Vestur-Íslendingum.

FB. í október.

Helgi Bjarni Josephson

hefir hlotið aðstoðar prófessors-embætti við Pennsylvania State College í búnaðarverkfræði. Helgi er fæddur í bænum Baldur í Manitobafylki þ. 10. sept. 1895. Stundaði nám í landbúnaðarháskóla Manitobafylkis, en síðar í háskólanum í Saskatchewan og lauk þar prófi. Árið 1925 hlaut hann meistaranafnbót við Iowa State College fyrir uppfundningar og umbætur á landbúnaðarverkfærum. —

Jóns Bjarnasonarskóli í Winnipeg tók til starfa í september. Skólastjóri hans er nú sira Runólfur Marteinson, en yfirkennari Miss Salome Halldórsson. Um tuttugu

Bætið 10 aurum við og takið

Swastika

cigaretturn.

20 stk. 1.10

Taka stórlega fram þeim cigarettegundum sem mest eru seldar nú.

nemendur eru í skólanum í vetur, alt unglingar af íslenskum ættum, nema einn danskur maður og frakknesk stúlka.

Fiskveiðaskóli.

Í blaðinu Manitoba Free Press birtist nýlega eftirtektarverð grein um fiskveiðaskóla. Bendir blaðið á það, að Dalhousie-háskólinn í Halifax, Nove Scotia, hafi fastráðið að stofna sérstaka deild, þar sem veitt skuli vísindaleg fræðsla í öllu því, er að fiskveiðum, meðferð vörunnar og markaðsskilyrðum lýtur.

Emile Walters,

listmálariinn frægi, var nýlega á ferð í Winnipeg. Walters er búsettur í New York, en undanfarin sjö sumur hefir hann kent pent og dráttlist í háskóla Pennsylvaníu-ríkis. Heimskringla segir mörg af listaverkum Walters jafnaðarlega til sýnis á mörgum helstu listasöfnum Ameríku. auk þeirra, er söfnin hafa keypt. Einnig hafa málverk eftir hann verið keypt á söfn í Evrópu og Suður-Ameríku. — Er Walters kom til Winnipeg nú, stakk hann upp á því, að komið yrði á fót sumarskóla meðal Íslendinga, þar sem nemendum gæfist kostur á tilsögn

í pent og dráttlist við lágu verði. Telur Hkr. líklegt, að tilraun verði gerð til þess að koma þessu í framkvæmd. Walters mun hafa Íslandsferð í huga, áður langt um líður.

Mannslát.

Þ. 11. sept. síðastl. lést að heimili sínu á Mountain í North Dakota, Elís Thorvaldsson kaupmaður, bróðir Stígs heitins Thorvaldssonar. Hann hafði legið lengi þungt haldinn, áður en hann lést. Hafði verið atorkumaður eins og bræður hans. — Var svo mikill mannfjöldi viðstaðdur jarðarför hans, að vart mun helmingur hafa komist í kirkjuna, og má af því marka vinsældir hins látna. (Lögb.)

Fólksflutningar til Kanada.

Þrátt fyrir það, að hér í landi (þ. e. Kanada) eru menn yfirleitt hlýntir innflutningi fólks, þá þykir þó töluvert viðsjárvert að flytja fólk inn í landið í stórum hófum, sem kemur hér til þess að leita sér atvinnu í borgum og bæjum, því í hinum stærra borgum flestum er nægilegt fyrir af fátækum verkamönnum, þó að ekki bætist við fjöldi nýrra verkamanna frá öðrum löndum, og hafa verkamannafélögin kvartað yfir þessu,